

31. ÁGÚ. 2010

Bl. 223

EJR 10070061

Mál nr. 12/2010

Gerðardómur í máli Tollvarðafélag Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

Greinargerð og dómsorð

1. Skipan dómsins

Með bréfi dags. 3. ágúst 2010 tilkynnti Ríkissáttasemjari um skipan gerðardóms á grundvelli ákvæðis í kjarasamningi Tollvarðafélags Íslands, TFÍ, og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs frá 5. júní 2002 en sem kunnugt er hafa tollverðir ekki verkfallsrétt.

Kjarasamningur deiluaðila rann út 31. maí 2009. Þann 3. júlí 2009 undirrituðu TFÍ og helstu aðildarfélag BSRB samkomulag við fjármálaráðherra um framlengingu kjarasamninga með vísan til sk. stöðugleikasáttmála ríkisvaldsins, samtaka atvinnulífsins, sveitarfélaga og verkalyðshreyfingarinnar, sem undirritaður var 25. júní 2009. TFÍ felldi hins vegar samninginn frá 3. júlí í almennri atkvæðagreiðslu í ágúst 2009. Deilunni var vísað til Ríkissáttasemjara 6. maí 2010 og eftir nokkra fundi þar óskaði TFÍ eftir því að deilunni yrði skotið til gerðardóms þ. 23. júní 2010.

2. Reifing málsins

Í 5. og 6. tl. fylgiskjals með kjarasamningum frá 5. júní 2002 um störf dómsins segir að dómurinn setji sér starfsreglur og skuli hann í úrskurði sínum hafa til hliðsjónar þær tillögur sem deiluaðilar hafa sett fram. Setti dómurinn sér m.a. reglur um atkvæðagreiðslu auk þess sem óskað var eftir frekari gögnum frá málsaðilum og var orðið við því. Dómurinn gaf einnig kost á að deiluaðilar legðu fram viðbótargögn að eigin frumkvæði.

Að hálfu fjármálaráðherra var lögð áhersla á að samningur við TFÍ frá 3. júlí 2009 á grundvelli stöðugleikasáttmálans væri sá rammi sem gerður hefði verið um alla samninga við önnur launþegasamtök ríkisstarfsmanna. Fjr. teldi ekki forsendur til frekari hækkana og að niðurstaða gerðardóms frá 2. júní 2010 í máli Landsambands lögreglumanna, LL, og fjármálaráðherra gæti ekki orðið fordæmi í þessu máli enda aðstæður aðrar og ákvæði í samningunum ólík.

Að hálfu TFÍ voru kröfurnar upphaflega í fimm liðum en eftir 2. júní 2010 kom fram krafa um að tollverðir fengju greiðslu til samræmis við úrskurð í gerðardómsmáli lögreglumanna. Var sú krafa einnig studd því að mikið álag hefði verið á starfandi tollvörðum á síðasta ári, ekki síst vegna fækkunar þeirra og fleiri verkefna.

Á fyrsta fundi gerðardómsins kom fram að búið er að leysa með munnlegu samkomulagi milli TFÍ og Tollstjóra úr ágreiningi um útfærslu á sk. þrekálagi. Samkomulagið felur í sér að tollverðir munu í september nk. taka upp þrekpróf lögreglunnar. Þá kom einnig fram að samkomulag er milli aðila um að í skipunarbréf tollvarða skuli vera tilgreind starfsstöð. Því voru kröfurnar sem lagðar voru fyrir gerðardóminn þær, að mánaðarleg greiðsla kæmi til allra félagsmanna til samræmis við fyrrnefnda viðbótar-greiðslu til LL svo og krafa um að tollverðir öðluðust lífeyrisrétt við 65 ára aldur.

3. Viðmið og túlkun gagna

Við endanlega niðurstöðu gerðardómsins hefur dómurinn einkum litið eftirfarandi þriggja atriða:

- Þróunar kjaramála tollvarða á síðustu árum, einkum í samanburði við lögreglumenn.
- Samkomulags frá 3. júlí 2009 við öll helstu launþegasamtök landsins sem grundvallaðist á stöðugleikasáttmálanum frá 25. júní 2009.
- Almenns lífeyrisaldurs opinberra starfsmanna og lög um hann.

Varðandi þróun kjaramála hjá TFÍ hefur m.a. komið fram að dagvinnulaun TFÍ ein og sér hafa á síðustu árum hækkað lítið eitt meira en hliðstæð laun helsta samanburðarhópsins þ.e. LL á sama tíma. Hins vegar breytir viðbótargreiðslan sem lögreglumenn fengu inn í laun sín árið 2007 og var hluti af gerðardómi 2. júní 2010 þeirri mynd. Líta verður á að viðbótargreiðslan sé nú orðin hluti af föstum launum lögreglumanna. Því vanti nokkuð á að föst laun TFÍ hafi haldið í við föst laun LL eins og þau eru nú orðin.

Aukagreiðslur sambærilegar þeim sem voru teknar upp gagnvart lögreglumönnum 2007 með ákvörðun dómsmálaráðherra voru aldrei settar inn í greiðslur til félaga í TFÍ. Því verður að mati dómsins ekki séð að rök séu fyrir að taka þær sérstaklega upp í samning tollvarða, þrátt fyrir að LL sé helsta viðmiðunarfélag þeirra. Eftir niðurstöðu gerðardóms í máli Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra verður þó að líta á þessa mánaðarlegu greiðslu sem hluta af föstum launum lögreglumanna. Telur dómurinn því kröfu TFÍ um leiðréttingu vegna þessa að nokkru leyti réttmæta með vísan til mikillar samsvörunar starfa lögreglumanna og tollvarða.

Lífeyrisaldur opinberra starfsmanna er ákveðinn með lögum frá Alþingi. Ljóst er því að breytingar af því tagi sem TFÍ setur fram kröfur um eru ekki á forræði gerðardómsins.

Með því að virða ofangreinda þætti og setja þá í samhengi hefur dómurinn komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Dómsorð


Gildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum og viðbótum:

1. Samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi sem aðilar undirrituðu 3. júlí 2009 ásamt yfirlýsingum og bókunum svo og sameiginlegri framkvæmdaáætlun skal taka gildi í samræmi við ákvæði samkomulagsins. Skv. því gildir hinn nýi samningur frá 1. júlí 2009 til 30. nóvember 2010.
2. Í stað launatöflu í gr. 1.1.1 í kjarasamningi Tollvarðafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs komi ný launatafla sem gildi frá 1. júlí 2010. Launatöfluna er að finna á fylgiskjali. Röðun félagsmanna í einstaka flokka helst óbreytt við þessa töflubreytingu.


Þá hefur dómurinn ákveðið að eingreiðsla upp á kr. 78.000 vegna sérstaks álags í starfi skuli greidd hverjum tollverði í fullu starfi fyrir tímabilið júlí 2009–júní 2010. Tollvörðum í hlutastarfi eða í starfi hluta af þessu tímabili skal greitt hlutfallslega.

Reykjavík 26. ágúst 2010


Í samræmi við reglur sem dómurinn setti sér um atkvæðagreiðslu var framangreint dómsorð samþykkt með einu atkvæði en tveir dómendur sátu hjá.




Magnús Jónsson
Formaður dómsins



Katrín Olafsdóttir
Tilnefnd af fjármálaráðherra



Ársæll Ársælsson
Tilnefndur af Tollvarðafélagi Íslands



Launatafla Tollvarðafélags Íslands
Gildir frá 1. júlí 2010

Lfi/prep	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	178.813	182.276	185.739	189.201	192.664	195.177	197.640	200.153	201.716
02	185.739	189.375	193.011	195.697	197.383	201.019	202.755	204.491	208.127
03	193.011	195.879	197.747	200.664	203.482	205.400	208.218	211.035	212.953
04	197.747	200.856	203.864	205.973	208.982	210.990	214.099	217.208	219.216
05	203.864	206.173	209.382	211.591	214.000	217.210	220.419	224.628	228.837
06	209.382	211.802	214.421	216.841	221.260	225.680	230.099	234.519	238.938
07	214.421	217.062	221.702	226.343	230.983	235.624	240.264	244.905	249.545
08	221.702	226.575	231.447	236.320	241.192	246.065	250.937	255.810	260.682
09	231.447	236.563	241.679	246.796	251.912	257.028	262.144	267.260	272.376
10	241.679	247.051	252.423	257.795	263.167	268.539	273.911	279.283	284.655
11	252.423	258.064	263.704	269.345	274.985	280.626	286.266	290.907	295.548
12	263.704	269.627	275.549	281.472	287.394	292.317	297.240	302.162	307.085
13	275.549	281.768	287.986	293.205	298.424	302.643	307.861	312.580	318.799
14	287.986	293.516	299.045	303.575	309.105	314.134	320.664	327.194	333.723
15	299.045	303.901	309.757	315.113	321.970	328.826	335.682	342.538	349.394
16	309.757	315.456	322.655	329.854	337.053	344.252	351.451	358.649	365.848
17	322.655	330.214	337.773	345.332	352.891	360.449	368.008	375.567	383.126
18	337.773	345.710	353.647	361.583	369.520	377.457	385.394	393.331	401.268
19	353.647	361.981	370.314	378.648	386.982	395.315	403.649	411.983	420.316
20	370.314	379.064	387.815	396.565	405.315	414.066	422.816	431.566	440.317
21	387.815	397.003	406.191	415.379	424.567	433.754	442.942	452.130	461.318
22	406.191	415.838	425.486	435.133	444.780	454.427	464.075	473.722	483.369
23	425.486	435.616	445.745	455.875	466.005	476.134	486.264	496.394	506.523
24	445.745	456.381	467.017	477.653	488.290	498.926	509.562	520.198	530.834
25	467.017	478.185	489.353	500.521	511.689	522.857	534.025	545.192	556.360
26	489.353	501.079	512.806	524.532	536.258	547.985	559.711	571.437	583.164
27	512.806	525.119	537.431	549.744	562.057	574.369	586.682	598.995	611.307
28	537.431	550.359	563.288	576.216	589.144	602.072	615.001	627.929	640.857
29	563.288	576.863	590.437	604.012	617.587	631.162	644.736	658.311	671.886
30	590.437	604.690	618.944	633.197	647.451	661.704	675.958	690.211	704.464

Handwritten signature

KO

Handwritten signature